ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTA-LENÍNISTA

12. tbl. 4. árg 1975

Verð kr. 70



HLJÓMLISTAR GAGNRÝNI BLS. 3

PALESTÍNA BAKSÍÐA

Ný heimsstyrjöld í uppsiglingu

-Ísland milli risaveldanna

30 ár eru liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Manna á með al kallast þetta tímabil eftirstríðsár. En eru þetta eftirstríðsár? Að mati marxista-lenínista má sjá mörg teikn nýrrar heimsstyrjaldar á lofti. Við skulum líta á þau helstu:

• Tvö heimsvaldasinnuð stórveldi hafa skapast, Bandaríkin og Sovétríkin. Annað risaveldið beitir öllum ráðum til að verja stórveldayfirráð sín sem það náði í lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Hitt risaveldið rek ur mikla útþenslupólitík, og ógnar nú "hefðbundnum" yfirráðum Bandaríkjanna um allan heim.

• Þessi risaveldi ráða yfirgnæfandi meirihluta alls herafla og vopna í heiminum. Þrátt fyrir tal um afvopnun og frið auka þau í sífellu vígbúnað sinn. Bandaríkin slóu á þessu ári met í útgjöldum til hermála. Sovétríkin eyða minnst 20% þjóðarframleiðslu sinnar til hermála. Risa veldin hafa milljónir manna undir vopnum, og þó það í sjálfu sér leiði ekki til stríðs, sýnir það að risaveld in eru búin í stríð.

• Alveg eins og fyrir upphaf heimsstyrjaldanna tveggja einkennist ástandið í dag af misjafnri þróun heimsvaldablokkanna. Hið svokallaða jafnvægi í vígbúnaði milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna sem borgaralegir fréttaskýrendur segja vera til verndar friði í heiminum er að hverfa. Sovétríkin eru komin fram úr Bandaríkjunum í vígbúnaði sínum, og eins og aðalflotaforingi Sovétríkjanna, Gorschkof, sagði 1969 er floti þeirra nú "fær um að uppfylla skyldur sínar hvar sem er í heiminum." Þjóðrembingsáróðurinn í Sovétríkjunum er stöðugt efldur, og alþýðan hefur verið rúin öllum lýðræðislegum réttindum. Sovétríkin eru í dag vaxandi risaveldi og árásar- og útþenslustefna þeirra getur hleypt af stað nýrri heimsstyrjöld.

• Kreppan skekur allan auðvaldsheiminn. Heimsverslunin minnkar, og atvinnuleysi í auðvaldsheiminum hefur aldrei verið meira. Á sama hátt og kreppan 1930 var undanfari nýs uppskiptastríðs ber kreppan í dag með sér öll einkenni stríðsaðdraganda; sókn risaveldanna í mark aði og áhrifasvæði verður enn harðari fyrir tilverknað kreppunnar.

FRAMHALD Á SÍÐU 2.



Myndin: Friðar- og afvopnunnartal þeirra Brésneff og Ford er tilraun til að slá ryki í augu fólks. Risaveldin kynda að eldum stríðs um víða veröld.

Kjaramálaráðstefna starfandi verkafólks

Laugardaginn þ. 29. nóv. s.l., hófst í Lindarbæ í Reykjavík tveggja daga kjararáðstefna starfandi verkafólks. Ráðstefnan var opin öllu verkafólki, gagnstætt kjararáðstefnu ASÍ, sem haldin var nokkrum dögum síðar og setin var af sjálfskipuðum forystumönnum verkalýðsfélaganna, án þess að verkafólk væri spurt um kröfur og kjör.

Mikið starf var unnið af Baráttusamtökum verkafólks til að undirbúa kjararáðstefnuna. Í mánaðartíma störfuðu á vegum BSV fjórir starfshópar um eftirtalda málaflokka: húsnæðis- og skattamál, kjaraskerð ingarnar og kjarakröfur, ASÍ og samningsvaldið, og væntanleg ný vinnulöggjöf atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra. Kjararáðstefnan var auglýst með veggblaði sem sett var upp á vinnustöðum af félögum úr BSV og Rauðri æsku og að auki dreifðu sömu aðilar 4000 eintökum af dreifiriti sem fjallaði um kjaraskerðingarnar og samningavaldið. Samin var stutt og laggóð fréttatilkynning þar sem sagt var frá kjararáðstefnunni og um leið stofnun Baráttusamtaka verkafólks rúmum mánuði áður, og var hún send til dagblaða, útvarps og sjónvarps, en aðeins útvarpið og Vísir birtu tilkynninguna. Málgagn þjóðfrelsis, verkalýðs og sósíalisma þagði, og öll hin borgarablöðin ásamt sjónvarpinu, og sýnir það hug þessara fjölmiðla, þegar verkafólk heldur kjararáðstefnu. Baráttusamtök launafólks á Akureyri var boðið að senda fulltrúa ásamt öðrum róttækum verkamannahópum og félögum úti á landi.

Laugardagsmorguninn kl. 10 hófst ráðstefnan með stuttri kynningu á Baráttusamtökum verkafólks og aðdraganda kjararáðstefnunnar. Síðan var ráðstefnugestum skipt upp í fimm umræðuhópa sem tóku fyrir kjaramálin, samningsvaldið, húsnæðis- og skattamál, væntanlega nýja vinnulöggjöf og nærtækustu verk efni BSV. Eftir matarhlé tóku svo hóparnir til starfa og skiluðu þeir niðurstöðum um kaffileytið. Eftir kaffihlé voru niðurstöður hópsins um kjaramál fluttar úr pontu og voru þær helstar, að dagvinnutekjur yrðu að nægja fyrir framfærslu. Rökstutt var að svipta má verkafólk helming tekna sinna, með því einu að svipta það eftir- og næturvinnu án þess að brjóta nokkra samninga. Fordæmd er sú fölsun sem gerð hefur verið á vísitölunni með því að reikna háa útgjaldaliði eins og húsnæði lágt, sleppa leiguhúsnæði og rekstur einkabifreiðar og áfengi og tóbak, svo að eitthvað sé nefnt. Krafist er fullrar vísitölubindingar launa og fordæmd sú stefna ASÍ að sleppa henni við síðustu samninga. Bent er á að verkafólk á enga sök á kreppu þeirri sem auðvaldið stefnir í, þess vegna verður að berjast fyrir eftirfarandi kröfum: Gegn atvinnuleysi og verðbólgu - látum auðvaldið bera sína eigin kreppu. Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku.

12 manns tóku þátt í umræðum um þennan dagskrárlið og voru allir samþykkir því í meginatriðum að berjast fyrir framanskráðum kröf-



Mynd: Ef verkafólk á að ná árangri í baráttunni gegn kjaraskerðingunum og atvinnuleysinu verður baráttan að byggja á fjöldabaráttu sem jafnt beinist gegn auðvaldinu og verkalýðsaðlinum.

Kjarasamningar framundan

ASÍ-forystan starfar eins og áður í anda auðvaldsins

Samningamakk ASÍ-forystunnar og VSÍ er hafið. Bráðabirgðasamkomulagið, sem gert var í júní s.l. rennur út um áramótin. Þetta bráðabirgðasamkomulag, sem gert var eftir langvarandi samningamakk á bak við tjöldin, þar sem allt var reynt til að koma í veg fyrir verkfall, fól ekki í sér neinar verulegar kjarabætur - þvert á mót sló ASÍ-forystan mjög af sínum kröfum og þannig var um hnútana búið, að hið fræga "rauða strik" vísitölubindingar launa og loforð ríkisstjórnarinnar reyndust einskis nýt til að vega á móti þeim verðhækkunum, sem síðan hafa yfir dunið.

ASÍ vill "heillavænlegri stefnu í efnahagsmálum"

En hver eru ráð ASÍ-forystunnar til að vega á móti þeirri gífurlegu kjara skerðingu, sem orðið hefur að undanförnu og öllum tilraunum auðvalds ins til að velta byrðum kreppunnar yfir á herðar vinnandi fólks? Björn Jónsson, forseti ASÍ, gaf út þá yfirlýsingu í haust, að nú yrði fyrst og fremst að einbeita sér að því, að koma í veg fyrir orsakir verðbólgunnar. Kjaramálaráðstefna ASÍ-forystunnar, sem haldin var í desemberbyrjun, hefur reynt að móta stefnu "í þessum anda". Þar er "hefðbundin barátta fyrir kauphækkunum" ekki talin "einhlít aðferð" eins og segir í ályktun ráðstefnunnar, heldur skal tekin upp "gerbreytt og heillavænlegri stefna í efnahagsmálum." Þessa "hefðbundnu baráttu" verkalýðsforystunnar þekkir verkafólk mæta vel í gegnum árin; hún hefur aðallega verið fólgin í því, að hinir hálaunuðu embættismenn í ASÍ-forystunni hafa setið að samningamakki við atvinnurekendur bak við luktar dyr á svítum Hótel Loftleiða, en hinn almenni verkamaður kemur þar hvergi nærri; hann hefur hvorki áhrif á mótun kjarakrafna né hvaða baráttuaðferðum skuli beitt.
En nú ætla þessir bitlingaþegar ekki

FRAMHALD Á BAKSÍÐU



ASÍ-broddarnir láta fara vel um sig meðan þeir makka með fulltrúum auðvaldsins um "réttláta" skiptingu þjóðarteknanna því þeir vita að þeir þurfa ekki sjálfir að lifa af þeim smánarlaunum sem vinnandi fólki eru skömmtuð.

Vinnulöggjöfin:

ASÍ-forystan á undan sinni samtíð?

ASÍ-forystan er nú sest við borðið hjá sáttasemjara ríkisins - án þess að hafa nokkuð samningavald!

Vinnulöggjöfin kveður skýrt á um að ASÍ hefur ekkert samningavald - það liggi hjá hinum einstöku aðildarfélögum. M.a.s. hefur ASÍ verið dæmt í Félagsdómi fyrir að taka sér samningavald án umboðs frá félögunum. Það gerðist árið 1944.

Eins og kunnugt er standa fyrir dyrum breytingar á vinnulöggjöfinni sem stefna að því að auka völd ASÍ-forystunnar. En enn hefur lögunum ekki verið breytt - og því er það lögbrot þegar ASÍ-forystan sest inn hjá sáttasemjara til að semja án þess að hafa aflað sér umboða hjá aðildarfélögunum

En starfsaðferðirnar núna sýna vel hvert forystan stefnir í stéttasamvinnu sinni. Þeir eru farnir að beita "nýju lögunum" áður en þau hafa verið lögð fyrir Alþingi.

-/hh

ATVINNULEYSI

Atvinnuleysið er að halda innreið sína á Íslandi af fullum krafti. Áður en Alþingi fór í jólaleyfi afgreiddi það fjárlög sem enn koma til með að ýta undir atvinnuleysisþróunina. Á næsta ári verður launafólk í landinu að þola enn frekari kjaraskerðingar, og samkvæmt fjárlögum á að draga stórlega úr allri opinberri þjónustu, og skerða á stórlega hlut þeirra sem minna meiga sín í þjóðfélaginu. En lítum á dæmin sem sanna að atvinnuleysisvofan er komin á kreik:
Sökum þess hvernig auðvaldið hefur braskað með landhelgina eru líkur á því að hluta bátaflotans verði lagt um áramótin. Sjómenn eru stórum uggandi um sinn hag. Mörg frystihús eru að segja upp starfsfólki sínu, og t.d. á Ólafsvík er fjórðungur bæjarbúa atvinnulaus. Starfsfólk næst stærsta frystihúss Reykjavíkur, Kirkjusandi, hefur allt verið rekið, og því sagt að "eftilvill sé reynandi að líta við um mánaðarmótin janúar-febrúar.

Flest verktakafyrirtæki eru að segja upp mannskap, og allir byggingameistarar í Reykjavík eru að draga saman seglin, sem auðvitað þýðir atvinnuleysi.

Í Árness- og Rangárvallarsýslum eru á þriðja hundrað verkamenn á atvinnuleysingjaskrá, og ekkert útlit fyrir að rofi til fyrr en í fyrsta lagi með vorinu.

Svona væri lengi hægt að telja, og enn eru ekki næstum öll kurl komin til grafar. Varaformaður Dagsbrúnar telur líkur á að þúsundir manna verði atvinnulausir á næsta ári ef svo stefnir sem horfir.

Þetta er það sem "hið mannúðlega vestræna auðvaldsþjóðfélag" býður verkalýðnum uppá þegar braskarar og stórgróðamenn eru búnir að kollsigla öllu: Þá eru verkamenn sviptir grundvallarmannréttindum, réttinum til að vinna fyrir sér.

Til baráttu gegn atvinnuleysi og örbirgð - látum auðvaldið sjálft borga sína egin kreppu.



STÉTTABARÁTTAN 12. tbl. 4. árg. 30. 12. 1975.

Útg.: Kommúnistasamtökin m-l. STÉTTABARÁTTAN kemur út mánaðarlega. Póstfang: Pósthólf 1357, Reykjavík. Sími: 27810. Gírónr.: 27810. Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

EFLUM STÉTTABARÁTTUNA

Með þessu tölublaði lýkur 4. árgangi Stéttabaráttunnar. **Fjögur** ár eru að baki, fjögur ár þrotlausrar baráttu til að **halda** blaðinu úti, fjögur ár pólitískrar þróunar. Næsta ár, **hið fimmta**, verður baráttan fyrir tilveru blaðsins enn **harðari**. **Það** vita allir baráttumenn kommúnísku hreyfingarinnar að okkur er nauðsynlegt að eiga vopn til að berjast með. **Og þessi** vopn verða ekki látin í hendur okkar, við verðum **að smíða** þau sjálf. Stéttabaráttan er eitt þessara vopna **sem** við verðum að smíða. Og þeirri smíð er langt í frá **lokið**.

Það er því ekki nægilegt að halda útgáfu Stéttabaráttunnar í horfinu, við verðum að sækja fram og efla blaðið að miklum mun. Margar hugmyndir eru á lofti í því sambandi og þá sérstaklega sú hugmynd að auka útgáfutíðnina. En hugmyndir halda áfram að vera bara hugmyndir - ef þeim er ekki komið í framkvæmd með hnitmiðuðu starfi. Hnitmiðað, fórnfúst starf allra baráttumanna Stéttabaráttunnar, er það eina sem getur skilað okkur áleiðis í uppbyggingu blaðsins.

Nú, þegar stefnt er að því að gefa blaðið út tvisvar í mánuði, verða liðsmenn okkar að sinna kallinu, að öðrum kosti verður ekkert skref stigið áfram.

Staðreyndir málsins eru þær að Stéttabaráttan getur aðeins lifað sem hluti af starfandi baráttufylkingu sem hefur skýr markmið og skipulagt starf. Stéttabaráttan sækir ekki um ríkisstyrki, blaðið sækir styrk sinn til baráttumanna verkalýðsstéttarinnar, það er því undir þeim komið hversu öflugt blaðið verður.

Verkefnin blasa við; auka verður útgáfutíðnina, auka verður útbreiðsluna. Það verður að afla blaðinu fleiri lesenda meðal verkalýðsins og blaðið verður að styrkjast sem málsvari verkalýðsstéttarinnar. Verkefni baráttumanna blaðsins eru því tvíþætt: stöðugt starf við útbreiðslu blaðsins meðal æ stærri hluta verkalýðsins - og þrotlaust starf til þess að bæta blaðið pólitískt. Þetta starf er liður í þeirri baráttu að gera blaðið að málgagni verkalýðsstéttarinnar, málgagni sem verkamenn líta á sem sitt eigið og sem þeir taka þátt í að móta með skrifum og öðru starfi.

Verkalýðsstéttin verður að eiga sér öflugt baráttumálgagn - EFLUM STÉTTABARÁTTUNA.

45 ÁR FRÁ STOFNUN KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS

Fundur í Reykjavík

Sunnudaginn 30. nóvember héldu Kommúnistasamtökin og Einingarsamtök kommúnista alm. fund í tilefni þess, að þá voru liðin 45 ár frá stofnun Kommúnistaflokks Íslands. Fundur þessi var ekki einungis haldinn í því skyni að minnast glæsilegra sigra KFÍ í stéttabaráttunni á 4. áratugnum, heldur var hér fyrst og fremst um baráttufund að ræða, sem hafði að inntaki stofnun nýs kommúnistaflokks á Íslandi.

Fundurinn var haldinn í Iðnó og var fjölsóttur, eða u.þ.b. 200 manns. Grunntónn fundarins var eins og áður segir baráttan fyrir endurreisn kommúnistaflokks og því var aðalvígorð hans: Endurreisum merki Kommúnistaflokks Íslands. Að auki voru höfð uppi vígorðin Stétt gegn stétt og Lifi samfylking verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar, sem minntu á baráttustefnu KFÍ.

Dagskrá fundarins var afar fjölbreytt, en hún hófst með ávarpi Eik(m-l), er Ingibjörg Hjartardóttir flutti. Næst kom sönghópurinn Október fram, en þessi sönghópur (sem nú birtist í fyrsta skipti undir nafni) hefur áður komið fram á skemmtunum og fundum hjá KSML Víetnamnefndinni og kínversku og albönsku vináttufélögunum. Arnar Jónsson, leikari, las ljóð eftir Jóhannes úr Kötlum og hann stjórnaði jafnframt flutningi á kafla úr leikriti Bertolts Brechts, Undantekningin og reglan. Félagar úr Eik(m-l) og KSML lásu úr gömlum blöðum, sem KFÍ gaf út, aðallega þó úr Verklýðsblaðinu, sem var höfuðmálgagn Kommúnistaflokksins. Kristján Guðlaugsson söng nokkra baráttusöngva, en ávarp KSML flutti Sigurður Jón Ólafsson, iðnverkamaður, og var þar skýrt frá þeirri ákvörðun Kommúnistasamtakanna að stofna kommúnistaflokk á páskum á næsta ári. Fundinum lauk svo, eins og öllum fundum KFÍ hafði lokið, með því að fundarmenn risu úr sætum og sungu Alþjóðasöng verkalýðsins.

Óhætt er að fullyrða, að fundur þessi hafi heppnast í alla staði mjög vel, enda var gerður góður rómur að honum. Síðast en ekki síst skal þess getið, að hann varð okkur mikil hvatning í baráttunni fyrir endurreisn kommúnísks verkalýðsflokks á Íslandi.

Fundur á Akureyri

Fundur var haldinn í Eininingarhúsinu á Akureyri 29. nóvember í tilefni þess að 45 ár voru liðin síðan gamli Kommúnistaflokkur Íslands var stofnaður. Að fundinum stóðu Akureyrardeildir KSML og EIK. Margt gott efni var flutt á fundinum, svo sem ljóð og frásagnir frá tíma þeim sem KFÍ var starfandi. Þá voru sungnir verkalýðssöngvar og flutt ávörp. Nokkrir gamlir félagar úr KFÍ sóttu fundinn og sögðu þar frá ýmsum atburðum úr stéttabaráttunni frá þessum tímum. Þótti fundurinn takast mjög vel og var hann nokkuð vel sóttur þrátt fyrir stórhríðarveður.

-/GM

45 ÁR FRÁ STOFNUN KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS

Hvernig kemstu í samband við KSML

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810.
Ritstjórnir Stéttabaráttunnar og Rauða fánans: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810.
Reykjavíkurdeild: Lindargötu 15 Reykjavík, sími: 27810.
Akureyrardeild: Guðvarður M. Gunnlaugsson Helgamagrastræti 23, einnig pósthólf 650 Akureyri.
Suðurnesjadeild: Jónas H. Jónsson Holtsgötu 26 Njarðvík, sími: 2641.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Neskaupstaður: Stuðningsdeild KSML c/o Peter Ridgwell Miðhúsum.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Skólabraut 10, Hellissandi.
Eiðar, S-Múl.: Stefán Jóhannsson.

Hvar geturðu keypt STÉTTABARÁTTUNA?

SUÐURLAND:
Reykjavík: Rauða stjarnan, Lindargötu 15.
Bóksala stúdenta í Félagsstofnuninni v/ Hringbraut.
Einnig fæst blaðið nú í mörgum söluturnum.
Suðurnes: Umboðsm. Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26, Njarðvík.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir umboðsm., Vitastíg 3.
Vestmannaeyjar: Umboðsm. Guðrún Garðarsdóttir, Þorlaugsgerði.

VESTURLAND:
Hellissandur: Umboðsm. Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.

NORÐURLAND:
Akureyri: Umboðsm. Guðvarður Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23.
Siglufjörður: Söluturninn, Aðalgötu selur Stéttabaráttuna og Rauða fánann.
Húsavík: Umboðsm. Þórarinn Ólafsson, Sólbrekku 5.
Sauðárkrókur: Umboðsm. Einar Helgason, Víðigrund 6 (3. hæð).

AUSTURLAND:
Borgarfjörður eystri: Umboðsm. Guðrún Steingrímsdóttir.
Neskaupstaður: Umboðsm. Peter Ridgewell, Miðhúsum.
Eiðar: Umboðsm. Stefán Jóhannsson.

Íslenskir námsmenn erlendis:

Nú getið þið keypt Stéttabaráttuna hjá umboðsmönnum okkar í nokkrum borgum á norðurlöndum.

NOREGUR:
Bergen: Umboðsm. er Guðmundur Sæmundsson 14-986 Fantoft Studentby, 5036 Fantoft.
Oslo: Katrín H. Andrésdóttir, Steimgrimsvei 15, Oslo 11.

SVÍÞJÓÐ:
Stokkhólmur: Umboðsm. er Magnús Sæmundsson, Sandstensvägen 89, 136 51 Handen.
Lundur: Jón Rúnar Sveinsson, Kämnärsvägen 5 D: 218 222 46 Lund.

DANMÖRK:
Århus: Umboðsm. er Magnús Þorgrímsson, Börglum Kolligiet v 444 Börglumsvej 2, 8240 Risskov.

Félagar áskrifendur.
Nú fer hver að verða síðastur til að borga áskriftina fyrir STÉTTABARÁTTUNA 1975. Enn eru nokkrir sem hafa trassað skil. Borgið inn á gíró 27810 sem fyrst.

Venjuleg áskrift	kr. 600,-
Stuðningsáskrift	- 800,-
Baráttuáskrift	- 1000,-

-Ísland milli risaveldanna

FRAMHALD AF FORSÍÐU.

• Það vantar ekki "neista sem kveikt gætu í púðrinu" í stríðsþunguðu ástandi. Októberstríðið 1973, Kýpurdeilan 1974, innlimun Sikkim og Kasmír í Indland, allt voru þetta atburðir þar sem risaveldin áttu hlut að máli. Bandaríkin hóta arabaríkjunum árás vegna stefnu þeirra í olíusölumálum, Norður-Kóreu er ógnað með kjarnorkuárás og Sovétríkin standa að baki fasískum aðgerð um í Indlandi. Í Angóla bítast risaveldin á með hernaðarsérfræðingum, vopnum, peningum og öllu sem verða mætti til að gera landið sér háð og ráða þróun mála þar.

• Risaveldin tala hátt um afvopnun og frið. Þau halda alheimsráðstefnur í nafni friðarins á sama tíma og baráttan milli þeirra skerpist og mótsagnirnar dýpka. Helsinkiráðstefnan er ekki annað en annar Münchenarsáttmáli og Brésneff og Ford arftakar Hitler og Chamberlains.

Staðreyndirnar tala sínu máli: Eftirstríðsárin eru orðin að fyrirstríðsárum.

Ísland milli risaveldanna

Ísland hefur mikið hernaðarlegt mikilvægi. Landið liggur milli risaveldanna, og héðan má hafa eftirlit og fara til árása á allar skipaleiðir í N-Atlanshafi. Héðan má skjóta eldflaugum á skotmörk í Sovétríkjunum, á meginlandi Evrópu og Bandaríkjunum. Héðan hefur bandaríski herinn eftirlit með siglingum sovéska flotans frá Murmansk og inn á Atlanshafið. Það er því mikill ávinningur fyrir Bandaríkin að hafa hernaðaraðstöðu á Íslandi.


Bandaríkin hafa mikil áhrif á allt líf í landinu. Ísland er ofurselt bandarískum menningaráhrifum, og bandaríski áróðurinn er geysilega áhrifamikill. Íslenska borgarastéttin er tengd bandarísku auðmagni á margan hátt, og hún er mjög háð mörkuðum í Bandaríkjunum. Íslenska borgarastéttin er í öllum málum "hjartanlega sammála" Bandaríkjunum, og það hefur komið skýrt fram á vettvangi SÞ þar sem Ísland hefur verið í góðu kompaníi með Bandaríkjunum, Chile, S-Afríku og fleiri áþekkum löndum við að verja glæpaverk heimsvaldastefnunnar gegn þjóðum þriðja heimsins. Íslenska borgarastéttin er reiðubúin til að selja og skerða sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar fyrir gróðahagsmuni sína, og hún skirrist ekki við að taka sér stöðu við hlið afturhaldsaflanna. En eins og svo víða um heim þar sem bandaríska heimsvaldastefnan hefur áhrif sækja Sovétríkin á. Íslensk borgarastétt hefur gífurleg samskipti við Sovétríkin. Þaðan kaupir hún olíu og vélar, og selur þangað fiskafurðir og ullarvörur. Óhagstæður vöruskiptajöfnuður hefur leitt til þess að Sovétríkin eru orðin lánadrottnar Íslands og eiga hjá þjóðinni 10 milljarði króna. Sovétmenn hafa reynt að beita viðskipta þvingunum til að mótmæla útfærslu fiskveiðilögsögunnar, og sækja nú stíft að koma upp hér á landi þjónustuaðstöðu fyrir fiskiskipaflota sinn sem myndi þýða hundruði tækni- og þjónustumanna á íslenskri grund. En menn ættu að vera á verði gagnvart slíku. Sósíalheimsvaldasinnarnir hegða sér ætíð eins og gestir sem neita að fara. Fái þeir einhvers staðar að komast með fót á land, fara þeir ekki þaðan, sbr. Bangla Desh þar sem þeir komu undir því yfirskini að þeir ætluðu að hjálpa til við að hreinsa hafnir eftir stríðið, en í kjölfarið fylgdi herskipahöfn, olíbirgðastöðvar o.þ.h.

Það er víst, að bæði risaveldin vilja ná auknum áhrifum hér á landi, og bæði hafa þau í sínum fórum áætlanir um hvað skuli gera ef til stríðs kemur. Ísland verður sjálfkrafa á bandi Bandaríkjanna og verður að veita þeim alla aðstöðu vegna þátttöku Íslands í NATO og Sovétmenn hafa sínar áætlanir; það sýna flotaæfingar þeirra á Barentshafi og innrásaræfingar þeirra við Noreg.

Heimsástandið leggur okkur þær skyldur á herðar að berjast gegn útþenslustefnu risaveldanna, og krefjast úrsagnar úr NATO. Við verðum að standa vörð um þjóðfrelsi og sjálfsákvörðunarrétt Íslands og afhjúpa miskunnarlaust borgarastéttina er hún beygir af til að þóknast öðru hvoru risaveldanna. Hún hefur engan rétt til að ráðskast með framtíð íslenskrar alþýðu.

Ísland fyrir íslenskan verkalýð og vinnandi alþýðu.

-/ÓI



Mynd: Sovéskir T-55 skriðdrekar aka á land úr risastórum landgönguprömmum

Akureyrardeild Rauðrar Æsku stofnuð

Fimmtudaginn 11. desember s.l. var Akureyrardeild Rauðrar æsku stofnuð. Stofnendur voru nokkur ungmenni, flest í Menntaskólanum á Akureyri.

Aðdragandi þessa máls var sá að þegar fréttist til Akureyrar að samtök ungra kommúnista, Rauð æska, hefðu verið stofnuð í Reykjavík, þá ákváðu félagar og stuðningsmenn KSML á Akureyri að vinna að stofnun deildar innan RÆ á Akureyri. Undirbúningsnefnd var kosin og dreifði hún málgagni RÆ í MA og boðaði síðan stofnfund sunnudaginn 7. des. s.l. Á þessum fundi gerðist í stuttu máli ekkert, því þrír trotskistar mættu þar og tókst að tefja fundinn með málþófi og rifrildi fram úr þeim tímamörkum sem fundinum voru sett af húsráðendum. Rifust trottarnir aðallega út af stuðningi RÆ við Kína og önnur sósíalísk ríki. Þó sögðust þeir styðja þann lið í grundvelli RÆ sem gerir ráð fyrir stuðningi við sósíalísk ríki, en sá "stuðningur" væri "krítískur stuðningur"(.) Einnig voru blessaðir trottarnir algerlega á móti því að vera í skipulagslegum tengslum við deildina í Reykjavík, því þeir vilja alls ekki starfa undir "stalínískri miðstjórn."

Framhaldsstofnfundur var síðan haldinn nokkrum dögum síðar en þá létu trottarnir ekki sjá sig og var því hægt að stofna deildina í friði fyrir öllum klofningsmönnum. Á fundinum var samþykkt að þar sem trotskistar ynnu á allan hátt gegn grundvelli RÆ þá yrði þeim alls ekki veitt inntaka í samtökin. Á þessum fundi var jafnframt ákveðið að halda kvöldvöku fljótlega eftir jól með upplestri úr sósíalískum bókmenntum og baráttusöngvum.

-/Varði

FRÁ RITSTJÓRN

11. tbl. Stéttabaráttunnar kom mjög seint til áskrifenda í Reykjavík. Skýringanna er að leita í frábæru skipulagi póstþjónustunnar sem gerði sér lítið fyrir og sendi öll blöðin, sem áttu að fara til áskrifenda í Reykjavík, til Suðureyrar. Þar lágu svo blöðin án þess að það væri tilkynnt og komu ekki til skila fyrr en ritstjórn Stéttabaráttunnar var búin að setja ný eintök í póst. Þannig var sent tvöfalt upplag til áskr. í Rvík. Og það kostar blaðið töluverð fjárútlát þar sem þessi blöð voru ætluð til lausasölu.

Þetta mál er ábending til áskrifenda um að vera vel á verði og til kynna okkur ætíð ef blaðið berst ekki á væntanlegum tíma. Nú þegar vitum við dæmi þess að áskrifendur fá ekki blaðið hvað eftir annað. Ástæðurnar geta verið margvíslegar, m.a. starfshættir póstþjónustunnar. Nýlega fréttum við af einum áskrifanda sem hafði ekki fengið blaðið í heilt ár þó svo að það hefði verið sett í póst rétt merkt allan tímann.

Við hvetjum því til aukinnar árvekni.

Hvað er vísitala?

Það hefur ekki verið öllum ljóst hvað það fyrirbæri er, sem nefnist vísitala. Vísitala hefur verið reiknuð út af Hagstofu Íslands allt frá árinu 1914. Oft hefur það viljað brenna við að vísitalan hefur verið notuð, sem hálfgert hagstjórnartæki af ríkjandi flokkum og því lítið mark á henni takandi. Þær vísitölur, sem reiknaðar eru út eru: 1. framfærsluvísitala 2. kaupgreiðsluvísitala 3. vísitala vöru og þjónustu 4. húsnæðis og byggingarvísitala. Framfærsluvísitalan leiðir kaupgreiðsluvísitöluna en hún er reiknuð út á þriggja mánaða fresti , en það er fráleit ráðstöfun og sýnir hve mikið mark er á henni takandi, að yfirleitt eru verðhækkanir leyfðar sama daginn og vísitalan er reiknuð út. Þannig er augljóst að verðlag og kaupmáttur fylgjast ekki að. Upphaflega er vísitalan ákveðin þannig að ákveðinn er svokallaður vísitöligrundvöllur, en hann er allir þeir liðir, sem vísitalan á að mæla breytingar á . Vísitölugrundvöllur hefur verið ákveðinn þrisvar sinnum þ.e. árin 1939, 1959, og 1965. Þetta er gert þannig, að tekkinn er ákveðinn hópur af fjölskyldum og fylgst með útgjöldum þeirra í eitt ár. Ekki er þó mikið að marka þennan grundvöll, meðal annars vegna þess að ýmsum liðum, sem hafa hækkað vísitöluna "of mikið" hefur verið kippt út úr henni.

Þá hefur hækkun á kaupgreiðsluvísitölu ekki áhrif á framfærsluvísitöluna, þetta hefur m. a. þau áhrif að þær hækkanir á landbúnaðarvörum , sem verða vegna kauphækkana til bænda hafa engin áhrif á framfærsluvísitöluna, þetta veldur skjekkju um ca. 12-15 %. Þá er grundvöllurinn heldur ekki neinn mælikvarði á lágmarkslaun, því það fólk, sem tekur þátt í svona rannsóknum og er lágt launað eyðir náttúrlega ekki meira fé en það á. Einnig hafa neysluvenjur breyst mjög frá því síðasti grundvöllur var ákveðinn, t.d. var bílanotkun ekki nálægt því eins algeng þá og nú er, en í dag er óhætt að

A. Vörur og þjónusta.	Útgjaldaskipting miðuð við 10000kr. nettóútgj. í nóv. 75	Útgjaldaskipting miðuð við 120000kr. nettóútgj. á mánuði
Matvörur	3098	26096
Drykkjarvörur	655	3830
Tóbak	300	2526
Föt og skór	1200	10108
Hiti og rafmagn	407	3430
Heimilisbúnaður	844	7112
Snyrtivörur	181	1526
Heilsuvernd	196	1652
Eigin bifreið	1064	25000
Fargjöld o.þ.h.	181	1652
Sími og póstur	156	1316
Lestrarefni, útv. sjónv.	1146	9654
Annað	147	1238
Samtals	9375	95000
B. Húsnæði	939	25000
C. Eftirstöðvar v. skatta	314	
Samtals	10000	120000

segja að bíll er allt að því nauðsynjavara. Húsnæði hefur verið reiknað þannig í vísitölunni að fjölskyldur búi í eigin húsnæði, sem sé full borgað, en allir vita að mikill hluti verkafólks býr í leiguhúsnæði og borgar yfirleitt okur leigu, t.d. er algengt að fólk borgi allt að 20000. kr. á mánuði fyrir tveggja herbergja íbúð. Marga aðra vankanta er hægt að benda á í sambandi við vísitöluna , en ekki verðu farið út í það að sinni. Ef við lítum á töfluna hér á eftir , sem útbúin er þannig að annarsvegar er tafla úr Hagtíðindum, sem miðuð er við 10000 kr. útgjöld á mánuðu á grunntíma , en hinnsvegar er tafla, sem við höfum útbúið miðað við 120000 kr. útgjaldaskiptingu á mánuði, en það ætti að vera nokkuð raunhæf tala að miða við í dag. Þar sem meðal dagvinnukaup verkafólks er ekki nema í kringum 50000 kr á mánuði er gífurlegt bil á milli verðlags og tekna. Yfirvinna hefur því verið algjör nauðsyn til þess að framfleyta láglaunafólki her, en yfirvinna er að hverfa í öllum norðurlöndunum nema hér. Við verðum því að viðurkenna að íslenskir launþegar eiga langt í land með að standa jafnfætis við launþega í öðrum löndum. Krafan við næstu samninga verður að vera:

Full vísitöluuppbót á öll laun, og vísitölubindingu allra launa, við höf um séð alltof mikið af því hvernig verðbólgan étur upp allar kauphækk anir sem við höfum fengið á undanförnum árum. Einnig verðum við að krefjast þess að vísitalan geti verið ábyggilegur kvarði á útgjöld meðalfjölskyldu.

-/vesturbæjarsella

Þeir sem græða á veikindum

Að græða á veikindum er orðin stóriðja í auðvaldsheiminum, og eigum við þar við lyfjaframleiðendur og seljendur. Erlendis eru stórir lyfsöluhringar sem hafa einokunaraðstöðu í framleiðslu lyfja. Sókn þeirra eftir sem mestum gróða kallar fram öra þróun í lyfjaframleiðslu, einkum á sviði fúkkalyfja. Oft eru lyfin hvergi nægilega reynd þegar þeim er skellt á markaðinn, og hefur það haft hræðilegar afleiðingar, sbr. ýmis hormónalyf **sem valdið hafa vansköpun barna.**



Myndin sýnir fórnarlamb Phaledomine lyfsins

Það er opinbert leyndarmál, að í hinum vestræna heimi hafa komið fram áður óþekktir sjúkdómar, sem stafa af aukaverkunum ýmissa fúkkalyfja. Leiðarljós lyfjaframleiðenda er ekki að stuðla að auknu heilbrigði, öðru nær, það er að græða sem mest. En hér á Íslandi er líka hópur kapitalista sem græðir á veikindum. Það eru lyfsalar og lyfjainnflytjendur. Í lyfjainnflutningnum er ráðandi einokun. Það eru 2-3 aðilar sem eru stærstir, og flytja inn megnið af þeim lyfjum sem keypt eru til landsins. Þeir sem eru í lyfjainnflutningi eiga líka apótek eða tvö, svona til að græða sem mest. Og þeir græða vissulega. Álagning heildsalanna er 40% og álagning lyfsalanna 100%. Þannig hafa lyfin meira en tvöfaldast í verði þegar neytandinn fær þau í hendur, og gróðinn fer í vasa einstaklinga. Það er hreint ekkert grín að fá sjúkdóm, sem krefst dýrra lyfja. Að vísu eru sum lyf greidd niður af ríkinu, en hver borgar niðurgreiðslurnar ? Jú, ætli það sé ekki alþýðan með sköttunum. Boðorð auðvaldsins er að græða og græða meira, og kapitalistarnir sem ráða lyfjainnflutningnum eru svo sannarlega í lukkupottinum að eigin mati, og þeir hafa ekki minnsta samviskubit yfir því að þeir sem veikjast skuli þurfa að blæða pening svo þeir sjálfir geti lifað hátt. Það er staðreynd að fáir lyfsalar vinna. Þeirra eina vinna felst í því að lyfta símtóli öðru hverju og fá að vita hvað mikið hefur bæst við ávísanareikninginn hjá þeim. Og viljirðu vita hvað eigendur lyfjainnflutningsfyrirtækja gera, þá skaltu hringja í eitthvert þeirra og spyrja eftir eigandanum. Svarið sem þú færð, verður að hann sé ekki við, og spyrjir þú hvar hann sé , er sennilegt að þú fáir að vita á hvaða hóteli á Kanaríeyjum eða Spáni hann er yfir jólin.

Svo lengi sem auðvaldið ræður, verður verkalýður og vinnandi alþýða að ala svona sníkjudýr, sem alls staðar féfletta hana og græða á henni. Það er ansi fróðlegt að bera auðvaldsheiminn saman við sósíalísku ríkin, t.d. Kína, hvað varðar verðlag á lyfjum og læknishjálp. Verð á lyfjum í Kína fer stöðugt lækkandi og er í dag aðeins brot af því sem það var 1949. Sum lyf eru ókeypis með öllu, og þeir sem þurfa mikla læknisaðstoð og lyf, þurfa engar áhyggjur að hafa því ríkið sér fyrir þörfum þess.

Við þurfum að krefjast þess, að lyfjainnflutningur og sala verði þjóðnýtt, og blóðsugurnar sem í dag féfletta okkur verði látnar fara að vinna fyrir sér.

-/GG

Framsækin popphljómlist

Bókabúðin Rauða Stjarnan selur m. a. plötur þó í litlum mæli sé, enn sem komið er. Hljómlist getur verið gífurlega áhrifaríkt vopn við að breiða út þekkingu á auðvaldsþjóðfélaginu og afhjúpa glæpi auðvaldsins og heimsvaldastefnunnar.

Meðal platna sem seldar eru í Rauðu Stjörnunni er plata sem ber nafnið "Working people are gonna rise" eða á íslensku "Vinnandi fólk mun rísa upp". Platan er með hljómsveitinni The human Condition sem er bandarísk hljómsveit. Í hljómsveitinni eru sex manns sem öll eru úr verkalýðsstétt.

Þau koma úr fátækasta hluta bandarísks verkalýðs, synir og dætur innflytjenda úr minnihlutahópum sem eins og kunnugt er eru gífurlega kúgaðir í Bandaríkjunum. Hljómsveitin var stofnuð fyrir 2 árum að frumkvæði aðal lagasmiðs og söngvara hennar, Baverly Grant.


Baverly var þá orðin þekkt í Bandaríkjunum sem afburða laga og texta höfundur, og var líka framarlega í soul og bluessöng. En henni ofbauð lifnaður "poppstjarnanna" og viðbjóðslegt viðhorf þeirra til alþýðunnar. Hún fekk í lið með sér fólk sem var sama sinnis og vildi berjast gegn kúguninni og ranglætinu, launaþrældómnum , atvinnuleysinu og kynþáttakúguninni: í stuttu máli sem vildi berjast gegn auðvaldinu og öllum birtingarformum þess.

Allir hljómsveitarmeðlimirnir eru góðir hljóðfæraleikarar og söngvarar. Textarnir fjalla um hluti, sem allir þekkja, viðfangsefnið er sótt í daglegt líf alþýðufólks. Í textunum dæmigerir hljómsveitin mótsagnir sem finnast í daglegu lífi og bendir á leið til baráttu. Sem dæmi um þetta er lagið Clifford Glover, þar sem viðfangsefnið er sótt í þekkt sakamál. Gangur málsins var þessi: Óeinkennisklæddur lögreglumaður sem var á höttunum eftir tveim hávöxnum negrum, sem ásakaðir voru fyrir þáttöku í ráni, stöðvaði feðga, sem voru á leið til vinnu. Þeir vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar allt í einu maður með byssu ræðst gegn þeim og skipar þeim að rétta upp hendurnar, svo þeir flúðu. Lögreglan skaut þá Clifford Glover í bakið. Það var ljóst allt frá upphafi að Clifford gat ekki verið sá, sem leitað var að, því hann var aðeins tíu ára gamall, og ekki stórvaxinn né líklegur til að hafa framið vopnað rán. Íbúar hverfisins þar sem morðið var framið sóttu lögreglumanninn til saka fyrir morð af ásettu ráði. En rökin hrundu af dómaranum eins og vatn af gæs, og þegar bent var á að drengurinn hefði aðeins verið tíu ára gamall og gæti ekki passað við lýsinguna á þeim grunaða, sagði dómarinn: " Mér finnst allir negrar eins ". Í laginu rekja

HLJÓMLISTAR GAGNRÝNI

Human Condition gang málsins en benda svo á, að til að uppræta svona svívirðu verði alþýðan að grípa til vopna og berjast til að útríma orsök allra glæpa og misréttis auðvaldsskipulagsins. Hljómlistin sem flutt er, er létt rokk og soul musikk og platan er öll hin áheyrilegasta. Við viljum hvetja þá sem eignast vilja vandaða plötu með góðri hljómlist að líta við í Rauðu Stjörnunni Lindargötu 15. Þar fást líka aðrar plötur s.s. með Woody Guthry, baráttusöngvar frá Chile, Spáni og víðar.

-/ISJ, ÓI.



Megas

Fyrir nokkrum mánuðum gaf Megas (Magnús Þór Jónsson) út sína aðra plötu, og nefnist hún Millilending. Lög, textar og útsetningar eru eftir Megas. Undirleik annaðist hljómsveitin Júdas o.f.l. og ferst þeim það vel úr hendi, og ætla ég ekki að fjalla nánar um það. Sönginn annaðist Megas sjálfur og er það einn mesti gallinn á plötunni að mínu áliti. Þessi "frumlegheit" Megasar, að afskræma rödd sína og singja svo óskírt að maður greinir ekki textann án þess að hafa textablaðið fyrir framan sig, og fylgjast með finnst mér alveg misheppnuð , og skemmir það mikið hinn ágæta tónlistarflutning Júdasar (hann ætti að fá einhvern annan til að syngja fyrir sig næst).

Svo við snúum okkur nú að textunum þá gef ég ekki mikið út á þá svona í heldina tekið. Á plötuumslaginu segir: Veruleikinn blasir því við, sætsúr bikar bíður okkar. Og það er Megas , sem býður okkur að dreypa á veigunum. Það er rétt að Megas reynir í textum sínum að draga fram í dagsljósið hina ýmsu galla borgaralegs þjóðskipulags eins og t.d. skjækjulifnað og ýmiskonar spillingu, svindlið og falsið, sem er á borð borið fyrir alþýðuna. En mér finnst innihald textanna hverfa ansi mikið í flóknu og torráðu líkindamáli og ef það hefur vakað fyrir Megasi að ná til fólks, hefur honum ekki tekist það sérlega vel á þennan hátt. Í mörgum lögunum heyrist ekki strax hvert maðurinn er að fara, hann virðist fara með einhverja bölvaða vitleysu, en ef kafað er dýpra í textann skilst ef til vill hherjir Íngólfur og Hjörleifur eru í Súlnareki, og hver einkasamverjinn er í Fjögurmilljóndollara og níu tíu og níu sentamannúðarmálfræðinni.

Megas er undir sterkum áhrifum frá Bob Dylan, en einn meginmunur er á þeim tveim. Texta Bob Dylans er yfirleitt auðvelt fyrir hvern mann að skilja, hann felur ekki það , sem hann vill koma á framfæri, og þó hann sé ekki þekktur fyrir að syngja sérlega skýrt má miklu muna milli hans og Megasar í þeim efnum. En þrátt fyrir þessa ofangreindu galla , sem mér finnst vera á plötunni, er hún tvímælalaust jákvætt framlag í íslenska popptónlist. Megas sýnir mikla hæfileika , sem lagasmiður og útsetjari, og á plötunni er ekki að finna hið eilífa væl um ástina og tunglið, heldur er þar verið að fjalla um veruleikann.

-/ISJ

Við erum varnarlaus gegn okri

Það er verðstöðvun í gildi í landinu. Eins og maður skilur það orð, má ekki hækka vörur. En þrátt fyrir það, hækkar vöruverð stöðugt. Ákvæði verðlagseftirlitsins eru margbrotin af kaupmönnun og verðlagseftirlitið hefur enga krafta til að fylgja því eftir að ákvæðin séu haldin. Einn af ritstjórnarfélögum Stettabaráttunnar gerði lauslega könnun á þessu í einni af verslununum í Árbæjarhverfi, og þar kom í ljós að allt vöruverð var mikið hærra en verðlagseftirlitið leyfir. Á algengum dósamat var veðið 30-90 krónum hærra en leyfilegt er, og á kornmat, tómatsósu og rauðkáli næstum því þriðjungi hærra. Í nýju hverfunum eins og Breiðholti eru fáar en stórar verslanir. Flestar þeirra eru í einkaeign, og þar viðgengst svívirðilegt okur. Alþýðan er algerlega varnarlaus gagnvart þessu, því það er næsta gagnslaust að klaga til verðlagsyfirvalda. Það sýnir sig æ betur eftir því sem kreppan dúpkar, að verðstöðvun er ekkert annað en kaupstöðvun. Verslunarauðmagnið og braskararnir fá óhindrað að leggja á og okra. Það verða nokkrar milljónirnar sem þeir stela úr vasa hins almenna neytenda þegar jólainnkaupin fara í fullan gang.

J. Stalín

Grundvöllur lenínismans

Verkalýðsforlagið

GRUNDVÖLLUR LENINISMANS eftir J. Stalin er nýkomin út hjá Verkalýðsforlaginu.

Á bókarkápu segir: "Í fáum en skýrum dráttum, dregur Stalín mynd af heimsskipulagi auðvaldsins, af hinum efnalegu og pólitísku skilyrðum stéttabaráttunnar, sem sprettur upp af þessu skipulagi... ..Bók Stalíns, Leninisminn, er án efa skýrasta og snjallasta lýsing, sem til er af þeirri kenningu, sem sagði fyrir þessa byltingu, útskýrði afstöðu hennar í söguþróuninni og kveikti á blysum hins byltingasinnaða vinnandi lýðs um heim allan"(Úr eftirmála Sverris Kristjánssonar að 1. útgáfu Grundvallar leninismans, 1930)

Bókin kemur út í endurskoðaðri þýðingu, og er hún 124 blaðsíður að stærð.

Þetta er bók sem engin sem kynna vill sér marxismann-leninismann ætti að láta fara fram hjá sér. Hana er hægt að kaupa í Rauðu Stjörnunni, Lindargötu 15 og helstu bókabúðum í Reykjavík.

Bókina er hægt að panta í póstkröfu frá Rauðu stjörnunni, hvert á land sem er.

1975-ár mikilla sigra fyrir Palestínsku þjóðina

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

1975 er tíunda ár palestínsku byltingarinnar. Á þessum tíu árum hefur margt breyst. Það var 1. janúar 1965, sem skæruliðar Al-Fatah mörkuðu upphaf palestínsku byltingarinnar með árás inn í hina herteknu Palestínu Allt frá 1948 hafði stór hluti þjóðarinnar búið við hlutskipti flóttamannsins víðsfjarri heimilum sínum. Allar tilraunir Palestínumanna til baráttu voru barðar niður með harðri hendi, og þeim var meinað að reyna sjálfir að finna lausn á Palestínuvandamálinu. En sú stefna stjórna arabaríkjanna að frelsa Palestínuaraba beið algert skipbrot. Hin þróttmikla barátta, sem leidd er af PLO hefur náð geysilegum árangri á öllum sviðum. 90% Palestínuaraba styðja og viðurkenna PLO sem eina. löglega fulltrúa sinn, og meðal palestínskar alþýðu hefur vaknað enn ríkari skilningur á hvernig frelsa skuli föðulandið. Aðgerðir PLO á öllum sviðum, jafnt hernaðarlegum sem menningarlegum færast í vöxt og fjöldi aðgerða inni í hinni herteknu Palestínu hefur aldrei verið meiri en árið 1975. En á alþjóðavettvangi hefur árangurinn þó orðið langsamlega mestur. 1o5 ríki hafa viðurkennt PLO sem einu löglegu ríkisstjórn Palestínu, og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er hætt að líta á palestínumálið eingöngu sem flóttamannavandamál, en farið er að fjalla um það sem vandamál þjóðar, sem er í útlegð og fórnarlamb heimsvaldastefnu og kynþáttahaturs. Fulltrúum PLO hefur verið boðið að tala á vettvangi SÞ, og þeir hafa rétt til að hafa áheyrnarfulltrúa á allherjarþinginu. Ísrael einangrast æ meir, og það er aðeins með stuðningi Bandaríkjanna sem það helst á floti. Ísráel er í dag einangrað herveldi, sem óhjákvæmilega mun lúta réttlátum dóm sögunnar og falla. Þar geta örvæntingaraðgerðir þeirra og hemdarverk ekkert um bætt. Augu alþýðu heimsins eru að opnast fyrir því að það eru síonistarnir, sem eru hryðjuverkamennirnir fyrir botni miðjarðarhafs. Þetta sést best þegar samþykkt var að fordæma síonismann sem kynþáttastefnu á þingi SÞ. Til að hefna þess gerðu síonistarnir loftárás gegn flóttamannabúðum í Líbanon og drápu 90 manns og særðu 107. Sprengjurar sem notaðar voru, voru flísasprengjur sem framleiddar eru eingöngu með það í huga að drepa og særa sem flesta. Það var að vísu ekki fjallað mikið um þennan atburð í borgarapressunni, en það sannar okkur bara enn betur með hvaða öflum hún stendur. Ætli Morgunblaðið hefði ekki grátið vel og lengi ef Palestínumenn hefðu drepið 90 og sært 107 manns í Ísrael? En ofbeldisaðgerðir síonistanna geta ekki bjargað Ísrael úr þeirri einangrun sem það er nú komið í.



Mynd: **Palestínska æskan býr sig undir langa baráttu fyrir endurheimt föðurlands síns. Hér eru unglingar við heræfingar.**

Fyrir Palestínumönnum er framtíðin björt. Þeir eygja þann dag er þeir geta snúið aftur til síns föðurlands. Barátta þeirra á sér að bandamanni kúgaða alþýðu þriðja heimsins og verkalýðsstétt auðvaldsríkjanna. Í bígerð er stofnun Íslenskrar Palestínunefndar. Við verðum að styðja nana af öllum mætti, því sú barátta sem framundan er krefst þess að allir þeir sem vilja stuðla að framgangi Palestínsku þjóðarinnar leggi hönd á plógin til að stuðla að lokasigri og stofnun líðræðislegs ríkis í Palestínu, þar sem allir geta lifað saman í bróðerni án tillits til uppruna eða trúarskoðana.

-/ÓI

Kjarasamningar framundan FRAMHALD AF FORSÍÐU
ASÍ-forystan starfar eins og áður í anda auðvaldsins

einu sinni að beita þessum "hefðbundnu aðferðum". Nei, nú skal enn frekar komið til móts við atvinnurekendur og ríkisstjórn þeirra með því að gera svolitlar endurbætur á efnahagsáætlunum stjórnar framsóknar og sjálfstæðismanna.

Í ályktunum kjaramálaráðstefnu Alþýðusambandsins eru mótaðar ákveðnar tillögur, sem ASÍ-forystan telur heillavænlegri í efnahagsmálum. Allar þessar tillögur miða náttúrulega fyrst og fremst að því að hrófla í engu við gerð þjóðskipulagsins, heldur miða þær að því, hvernig byrðum kreppunnar skuli velt yfir á verkalýðinn á sem "hagkvæmastan hátt." Athugum nokkur þessara atriða.

Grundvallaratriði þessarar stefnumótunar í efnahagsmálum telur ASÍ vera 1) að full atvinna sé tryggð, 2) að launakjör almennings verði bætt og kaupmáttur tryggður og síðast en ekki síst, að dýrtíðaraukningin sé innan ákveðinna marka, t.d. 10-15% á ári! Þessum grundvallaratriðum telur ASÍ-forystan best náð m.a. með því að "áherzla verði lögð á að nýta til fulls framleiðslugetu þjóðarinnar og auka á þann hátt þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur." Sem sagt: herðum vinnuálagið og aukum þar með arðránið! "Hámarksverð verði sett á sem flestar vörur og breytingar háðar markaðsathugunum og athugunum á afkomu fyrirtækja." Það er allt í lagi að hækka vöruverð upp úr öllu valdi, sé eftirspurnin það mikil (sbr. lögmálið um framboð og eftirspurn) og þar sem ASÍ-forystan hefur tekið undir söng atvinnurekenda um taprekstur fyrirtækja, má vöruverðið að sjálfsögðu ekki vera svo "lágt", að viðkomandi fyrirtæki fari á hausinn! Og til að hjálpa vesalings burgeisunum enn frekar er þetta ein af ráðstöfunum: "Vextir verði lækkaðir nú þegar og áherzla lögð á að bæta lánakjör framleiðslufyrirtækja!" (allar undirstrikanir mínar).

Látum auðvaldið borga kreppuna

Það er ljóst af þessum ályktunum ASÍ-forystunnar, að hún krefst þess, að verkalýðsstéttin taki á sínar herðar hluta af ábyrgð auðvaldsins á kreppunni - á sama tíma og krafan um lífvænleg laun fyrir dagvinnu verður enn tímabærari vegna minnkandi yfirvinnu og sífelldrar dýrtíðaraukningar. Vinnandi alþýða á Íslandi getur á engan hátt tekið undir launakröfur embættismannanna í ASÍ-forystunni (sem þeir hafa sjálfir sagt vera 28-32%) og aðgerðir þeirra til að bjarga ríkisstjórn auðvaldsins í efnahagsvandræðum sínum. Þess vegna setjum við fram kröfuna:

Gegn verðbólgu og atvinnuleysi - Látum auðvaldið borga sína eigin kreppu!

Kjaramálaráðstefna starfandi verkafólks

FRAMHALD AF FORSÍÐU

um. Að vísu töldu tveir ræðumenn að krafan um lífvænleg laun fyrir dagvinnu væri ótímabær og gengi alltof langt, en svoleiðis úrtölum og barnaskap var svarað af hörku af öllum öðrum ræðumönnum.

Því næst voru niðurstöður starfshópsins um ASÍ og samningsvaldið. Þar segir að í komandi samningum verðum við að berjast fyrir því að ASÍ-forystan fái ekki samningsvald í sínar hendur. Þessi krafa beinist gegn miðstýringu ASÍ í samningamálum verkafólks og verður hún að skoðast sem liður í almennri lýðræðisbaráttu verkalýðsfélaganna. Við krefjumst opinna samninga, samninganefnda sem kosnar eru af verkafólki á félagsfundum, sem verða undir stöðugu eftirliti verkafólks og tíðari funda í verkalýðsfélögunum. Starfið innan fagfélaganna verður að vinna undir eftirfarandi vígorðum: Væntum einskis af hinum endurbótasinnuðu verklýðsforingjum, þeir munu svíkja okkur. Tökum málin í eigin hendur og búumst til baráttu, annars verðum við yfirunnin. Sex tóku til máls að lokinni þessari framsögu og var ekki teljandi ágreiningur um neitt sem máli skipti og var klukkan að verða sjö, þegar fundarstjóri sleit fundi þegar mælendaskrá var tæmd.

Sunnudagsmorgun 30. nóv. hófust umræður kl. rúml. 10 um húsnæðis- og skattamál. Niðurstöður af umræðum starfshóps voru tvíþættar, í fyrsta lagi um húsnæðismálin. Auka þarf möguleika verkafólks á því að komast í ódýrt leiguhúsnæði, stofna þarf samtök leigjenda sem berjast gegn húsaleiguokrinu sem er hrikalega mikið, svo sem mörg dæmi voru tínd til um. Leiguhúsnæði þarf að vera leigt út af hinu opinbera, eins og tíðkast t.d. í Danmörku og víðar á norðurlöndum. Bent er á að eins og málum leigjenda er komið nú, eru þeir algerlega réttlausir gagnvart leigusölum. Í öðru lagi voru það skattamálin. Sýnt var fram á hvernig skattar eru aðeins eitt form arðráns á verkalýðnum, og hvernig meginþungi skattbyrðanna lendir á verkafólki, en atvinnurekendur eru mikið til skattlausir. Þarf þar aðeins að minna á þau 432 fyrirtæki í Reykjavík sem hafa 20.000.000.000 veltu en greiða engan tekjuskatt. Sú leið sem íbúar Bolungavíkur og Hveragerðis fóru er þeir afhjúpuðu ranglátar skattpíningar, þarf að fara víðar. Krafist er að þurftarlaun, þar eð laun sem þarf til framfærslu meðalfjölskyldu séu skattlaus. Berjast verður fyrir því að afnema söluskatt af nauðsynjavöru. Margir tóku til máls og afhjúpuðu ranglætið í húsnæðis- og skattamálum.

Síðan var tekið matarhlé.

Að því loknu var lesin upp niðurstaða hóps um nærtækustu verkefni BSV. Þessar niðurstöður urðu helstar:

1. Gefa þarf út fréttatilkynningu um ályktanir kjaramálaráðstefnu BSV. Senda hana til allra helstu fjölmiðla.

2. Halda almennan fund til þess að kynna BSV og niðurstöður ráðstefnunnar.

3. Kynningarrit um BSV verði gefið út. Fela þarf einum til tveimur mönnum að undirbúa útgáfuna.

4. Skipulag BSV varðandi væntanlega samningagerð: Félagar í BSV mæti á alla fundi verkalýðsfélaganna og berjist þar fyrir þeim kröfum sem samþykktar eru á kjaramálaráðstefnu BSV. Félagar BSV í einstökum verkalýðsfélögum gefa út dreifirit og skipuleggja baráttuna eftir aðstæðum í hverju félagi.

5. Meðlimir BSV skulu skipuleggja sig á verkfallsvaktir innan síns félags ef til verkfalls kemur.

6. Verði verkfall (þar sem prentarar verða meðal verkfallsmanna) skulu viðkomandi félagar sem eru í BSV stefna að því að gefa út fjölritað verkfallsblað.

7. BSV mun þ. 1. maí n.k. koma fram og berjast fyrir baráttumálum sínum og þau séu jafnframt reiðubúin til að taka þátt í breiðri samfylkingu að því tilskyldu að framkvæmd aðgerðanna brjóti ekki gegn stefnu BSV.

Umræður voru nokkrar um niðurstöður um næstu verkefni BSV, en eftir kaffihlé var samþykkt allsherjarályktun um þau mál sem báru á góma á ráðstefnunni. Fjölmenni var ekki mikið á ráðstefnunni en 35 þegar flest var. Voru það verkamenn og konur á öllum aldri.

-/bsk

NÝÁRSKVEÐJUR

Með þessu eintaki lýkur 4. árgangi Stéttabaráttunnar. Blaðið hefur vaxið töluvert á árinu 1975 - og uppbyggingin mun halda áfram. En róðurinn hefur þyngst. Sífelldar hækkanir á öllum kostnaðarliðum gleypa hverja krónu sem skilar sér útgáfusjóðinn. Það er sífellt tómahljóð í kassanum. Útgáfa STÉTTABARÁTTUNNAR er átak sem margir sameinast um. Blaðið á marga velunnara um allt land og það er ósérhlífið starf þeirra, sem gerir það mögulegt að halda blaðinu úti. Allir þessir baráttumenn blaðsins eru sammála um, að það verði að efla útgáfuna - og þeir eru reiðubúnir til frekari átaka. Við vitum, að það eru margir sem vilja styðja blaðið betur en hingað til - og nú er tíminn kominn til að fá fleiri undir árar. Það verður að auka útgáfutíðnina og það verða því fleiri að starfa af meiri krafti en hingað til.

Um leið og ritstjórn STÉTTABARÁTTUNNAR óskar öllum lesendum velgengni á nýa árinu, þá skorum við á það að taka þátt í eflingu þessa blaðs og þannig styrkja málstað verkalýðsstéttarinnar. Það eru margar leiðir til þess að koma til liðs við blaðið - t.d. með söfnun fleiri áskrifenda, með því að gerast styrktarmenn, með því að taka blöð til sölu - og síðast, en ekki síst, með því að skrifa í blaðið!

Ályktun miðstjórnar KSML


Miðstjórn KSML mótmælir harðlega árás breska NATO-flotans inn á íslenskt yfirráðasvæði. Við mótmælum árásum bresku heimsvaldasinnanna á rétt íslenzku þjóðarinnar til að ráða sínum eigin auðlindum. Herskipainnrás breta er skýlaust brot gegn sjálfsákvörðunarrétti íslensku þjóðarinnar.

Framkoma breska NATO-flotans á miðunum, og sérstaklega ásiglingar á varðskipið Þór, sýnir og sannar hvers eðlis hið svokallaða varnarbandalag NATO er í rauninni. Þessum flota er hér ætlað að kúga þjóð, sem setur fram réttmætar kröfur, til uppgjafar. Íslenskur verkalýður og vinnandi alþýða á ekkert sameiginlegt með slíkum kúgunaröflum og krafan um úrsögn úr NATO er fullkomlega í samræmi við hagsmuni yfirgnæfandi meirihluta íslensku þjóðarinnar.

Þáttur íslenzku borgarastéttarinnar í þessu máli er skýrt dæmi um það, að hún hefur fyrir löngu hætt að gegna framfarasinnuðu hlutverki í Íslandssögunni. Undansláttur og prang með auðlindir landsins og verndun þeirra, er það sem einkennir aðgerðir hennar. Þetta sannar, að hagsmunir verkalýðsins og borgarastéttarinnar fara ekki saman í þessu máli, þar sem borgarastéttin er reiðubúin til að selja yfirráðaréttinn á þeim auðlindum sem eru undirstaða efnahagslífsins hér á landi. Íslenska einokunarauðvaldið hyggst með útfærslunni ná yfirráðum yfir fiskimiðunum til þess að stunda þar sjálft skefjalausa rányrkju og að hagnast á því að selja öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi hér við land. Allt þetta er gagnstætt hagsmunum íslenskrar alþýðu.

Í samræmi við hagsmuni kúgaðrar alþýðu þriðja heimsins og íslenskrar alþýðu þá setur miðstjórn KSML fram kröfuna um 200 mílna landhelgi, þ.e. fulla lögsögu til að hindra að heimsvaldaríki á borð við England og risaveldin USA og Sovétríkin geti siglt árásarflotum sínum upp í landsteinana.

LOKASPRETTUR



Áskriftarherferðinni 1975 er að ljúka. Lokatölur verða birtar í 1. tbl. 1976. Nú sem stendur höfum við náð 95% aukningu. Það vantar enn uppá - og það þarf töluvert átak til þess að ná því sem eftir er á þeim stutta tíma, sem er til stefnu.

95% er frábær árangur - en 100% er betri! Félagar, gerið skil strax á þeim nýju áskriftum, sem ykkur hefur tekist að afla á lokasprettinum.

GERIST ÁSKRIFENDUR!

Söngbók verkalýðsins

Kaupið Söngbók verkalýðsins. Fæst í Rauðu Stjörnunni, Lindargötu 15.